

8. NÓVEMBER 2009

FEÐRADAGURINN

TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og ríkisstjórn Íslands. Hér eru blákaldar staðreyndir úr „jafnréttis- og mannréttindaríkinu Íslandi“ **Er þetta boðlegt börnum þessarar þjóðar?**

- 1 Ísland** rekur lestina af öllum Norðurlöndunum í málefnum skilnaðarbarna og feðra, samkvæmt nýrri skýrslu Félagsmálaráðuneytisins
- 2 Í skýrslu** Félagsmálaráðuneytisins kemur fram að mæður verða í 92-95% tilvika með lögheimili og öll helstu réttindi barna við skilnað foreldra.
- 3 Kynbundinn** munur er meiri og alvarlegri en í öðrum sambærilegum málaflokkum. Ríkisrekin jafnréttisbarátta neitar að horfast í augu við staðreyndirnar.
- 4 Börn á Íslandi** eiga ekki sama rétt til feðra sinna og mæðra við skilnað. Þar með er jafnrétti kynjanna í málaflokki forsjár- og umgengnismála ekki viðurkennt á Íslandi.
- 5 Sýslumannsembættin** skammta flestum skilnaðarbörnum 4-6 daga í mánuði með feðrum sínum. Dómsmálaráðuneytið staðfestir yfirleitt slík mannréttindabrot. Af því bara...
- 6 Sýslumannsembættin** telja yfirleitt að skilnaðarbörn eigi ekki að dvelja hjá feðrum sínum og föðurfjölskyldum á aðfangadegi jóla. Dómsmálaráðuneytið staðfestir yfirleitt slík mannréttindabrot. Af því bara...
- 7 Sýslumannsembættin** láta feður greiða meðlög algerlega óháð samvistum og eigin framfærslu þeirra við börn sín.
- 8 Íslenskum dómurum** er ekki ennþá treyst fyrir því að komast að bestu niðurstöðu fyrir börnin þegar til forsjármála kemur, eini málaflokkurinn þar sem þeim er ekki treyst.
- 9 Dómara** ber að svipta annað foreldri forsjá, skv. lögum, þegar til ágreinings kemur, það reynist auðvelt þegar feður eru sviptir, eins og að drekka vatn að því er virðist.
- 10 Tilefnislausar** umgengnistálmanir eru algengar á Íslandi, þær eru gróft ofbeldi og mannréttindabrot. Tálmanir á að meðhöndla eins og hvern annan refsiverðan glæp og ofbeldisverk. Foreldri sem þverbrýtur forsjárskyldur sínar með slíku athæfi sviptir börn hinu foreldri sínu og stórfjölskyldu sinni; mánuðum og jafnvel árum saman.
- 11 Embætti Umboðsmanns barna** er gagnslaust með öllu, hefur ekki gert nokkurn skapaðan hlut til þess að leiðrétta mannréttindabrot á börnum Íslands í forsjár- og umgengnismálum.
- 12 Skilnaðarhrina** getur fylgt í kjölfar efnahagshrunsins, þúsundir barna verða þá af eðlilegu sambandi og uppeldi hjá feðrum sínum og föðurfjölskyldum. Talið er að á Íslandi séu allt að 20.000 skilnaðarbörn.

SKORUM Á RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS AÐ TAKA MEÐ FESTU Á ÞESSUM MANNRÉTTINDABROTUM!

ÞAU ERU STÓRT LÝTI Á ÍSLENSKU SAMFÉLAGI – FORÐUMST AÐ FORSÆTISRÁÐHERRA ÞJÓÐARINNAR ÞURFI AÐ BIÐJA ÍSLENSK SKILNAÐARBÖRN AFSÖKUNAR Á KOMANDI ÁRUM.....!

Styrkjum baráttuna fyrir foreldrajafnrétti þar sem vandamálin fara stöðugt vaxandi með breyttu fjölskyldumynstri. Gerist meðlimir í Félagi um Foreldrajafnrétti - Ársgjald einungis kr 2.000.

Skráning á www.foreldrajafnretti.is.



FÉLAG UM FORELDRAJAFNRÉTTI
BARN Á RÉTT Á BÁÐUM FORELDRUM



www.foreldrajafnretti.is